

GJALDSKRÁ

Rafveitu Voga og Vatnsleysustrandar.

Raforka:

Rafveita Voga og Vatnsleysustrandar selur raforku á þann hátt og með því móti sem hér segir:

1. Lýsing.

1. Um kWh-mæli á kr. 14,50 hver kWh.
2. Um kWh-mæli á kr. 5,99 hver kWh auk fastagjalds er nemi kr. 63,60 af hverjum fermetra gólfplatar í því rúmi er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í verslunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 21,20 af fermetra á ári.

2. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kWh-mæli á kr. 3,68 hver kWh.

3. Vélanotkun.

1. Um kWh-mæli á kr. 8,11 hver kWh. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 4 000,00 á hvert uppsett kW vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum kr. 6,49 hver kWh.
4. Um mæli á kr. 4 000,00 fyrir hvert kW mest notaðs afls á árinu mælt sem 15 mín. meðalág og auk þess kr. 1,17 á notaða kWh. Gjald vegna ljósanotkunar kr. 59,20 á hvern fermetra í vinnustofum, kaffistofum o. þ. h., en kr. 21,10 á hvern fermetra í vörugeymslum og kr. 34,90 annars staðar.

4. Hitun.

1. Um kWh-mæli á kr. 0,85 hver kWh, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegisd og síðdegis, en þó eigi lengur en í 1 1/2 klst. í senn.
2. Um kWh-mæli á kr. 0,42 hver kWh, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 7.
3. Um kWh-mæli á kr. 1,49 hver kWh án rofs.

Önnur skilyrði fyrir raforku til hitunar:

- a. Að línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins.
- d. Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess rýmis er hita skal, þegar þess er krafist.

5. Önnur raforka.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 4,29 hverja kWh, enda sé notkun mæld með sér mæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingu meðan á byggingu stendur, um kWh-mæli á kr. 7,39 hver kWh.

3. Til bókunarofna í brauðgerðarhúsum um kWh-mæli á kr. 1,06 hver kWh á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og kr. 3,32 hver kWh á tímanum frá kl. 8.30 til 22.
4. 17 100,00 kr/kW á ári í uppsettu afli úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósabúnaði rafveitunnar, auk orkukostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu. Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra gjaldskrárliði, skal setja eftir gjaldskrárliði 1—1.

6. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjum sem hér segir pr. mánuð:

Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 28,40
Af þrífasa mælum upp að 50 amp.	kr. 78,40
Af þrífasa mælum frá 50—220 amp.	kr. 116,00
Af mestastraumsmæli	kr. 342,00
Af liða fyrir álagsstýringu	kr. 95,00

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leiga er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

7. Opnunargjöld.

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 358,00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandinn hefur greitt kr. 358,00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Verði raforkunotandi uppvis að notkun raforku án mælingar, skal hann sæta ábyrgð samkv. lið nr. 2, nema þyngri refsing liggja við.

8. Heimtaugargjald.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og/eða spennistöðvar fyrir hverja hú sveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helstu raforkunotkun. Jafnframt leggja fram raflagnateikningar. Ein heimtaug er lögð að hverri lóð (hverri eign) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð) yfir allt að 15 metra. Jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 metra. Loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi samkvæmt eftirfarandi töflum:

1. 63 A 1-fasa	kr. 23 100,00
2. 63 A 3-fasa	kr. 25 000,00
3. 100 A 3-fasa	kr. 29 700,00
4. 200 A 3-fasa	kr. 47 900,00
5. 300 kVA 3-fasa	kr. 139 000,00

Rafveitan leggur ekki jarðlínuheimtaugar að húsum á þeim tíma árs, sem frost er í jörðu. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu leið að varkassa í útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa í innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu sem strengurinn verður dreginn í.

Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar hvorutveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Ef einfasa 63 A heimtaug er aukin í þrífasa, skal greitt samkv. töflu.

Ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna óska húseiganda eða vegna breytingar í stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða heimtaugargjald samkvæmt töflu. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara, og taka á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa. Ef 3×220 V notendakerfi er breytt í 380/220 V kerfi kostar rafveitan breytingu á heimtaug en þó ekki breytingu á loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug.

Málstraumur		Stofngjald
63 A	1-fasa	kr. 4 110,00
64 A	3-fasa	kr. 5 750,00
100 A	3-fasa	kr. 6 100,00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkv. kostnaði. Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun, samkv. gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð, eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir, að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð húsa spennistöðva, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notenda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni í leiguformi, t. d. til lengri tíma og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulegt hverfi að ræða, eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi.

Heimtaugargjald skal greiðast við umsókn og ekki seinna en við tengingu.

9. Ýmis ákvæði.

23,5% söluskattur og 19%, verðjöfnunargjald, samtals 42,5% eru talin í upphæð þeirri, sem um ræðir í gjaldskrá þessari, nema í töxtum 4.1., 4.2. og 4.3.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 3. júní 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 344/1983 um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 461 30. maí 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 30. júní 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.